

Alþingi  
Erindi nr. P 140/406  
komudagur 24.11.2011



Reykjavík, 22. nóvember 2011

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009, 229. mál.**

Bankasýsla ríkisins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins, 229. mál og óskar eftir að koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Með framangreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á lögum um Bankasýslu ríkisins sem auka þær hæfiskröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna og forstjóra Bankasýslu ríkisins og bæta við ákvæði um hagsmunaárekstra.


Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að stjórnarmenn skuli búa yfir viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. Þá skuli þeir hafa trausta þekkingu og reynslu af starfsemi fjármálafyrirtækja sem og þekkingu á góðum stjórnarháttum fyrirtækja. Bent skal á að æskilegra kann að vera að gera þær kröfur til stjórnar í heild að hún búi yfir þeirri þekkingu og reynslu sem hér er lýst í stað þess að gera þær kröfur til hvers og eins stjórnarmanns. Nefna má sem dæmi að aðili kann að búa yfir traustri og viðtækri þekkingu á starfsemi fjármálafyrirtækja og á góðum stjórnarháttum, en skorta hins vegar starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

Í 4. og 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru sett fram ákvæði sem varða hagsmunaárekstra. Þannig segir í 4. mgr. að stjórnarmenn og forstjóri skuli ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar aðila sem eru eftirlitsskyldir. Í 5. mgr. segir að stjórnarmenn og forstjóri skuli ekki sinna öðrum störfum á fjármálamarkaði í þrjú ár eftir að þeir láta af störfum fyrir Bankasýsluna. Vakin skal athygli á því að kröfur sem þessar kunna þrátt fyrir góðan tilgang að takmarka möguleika ríkisins á að fá hæft fólk til að taka að sér umrædd störf. Þannig kunna það að vera ósamrýmanleg markmið að gera annars vegar miklar kröfur til þekkingar og reynslu forstjóra og stjórnarmanna af tilteknum málaflokki og takmarka hins vegar atvinnufrelsi sömu einstaklinga þannig að viðkomandi megi ekki sinna störfum þar sem sérþekking þeirra liggur.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögini taki þegar gildi. Vakin skal athygli á því að svo mikil skerðing á atvinnufrelsi sem hér er ráðgerð myndi þá eiga við um núverandi stjórn og forstjóra stofnunarinnar án fyrirvara. Réttara væri að gefa viðkomandi aðilum frest til að bregðast við

breytingum á lögum, t.d. með því að í gildistökuákvæði væri gert ráð fyrir gildistöku 6 – 8 vikum eftir samþykkt laganna.

Virðingarfyllt,

  
Karl Finnbogason, forstjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/417*  
*komudagur 24.11.2011*



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 23. nóvember 2011  
Tilvísun FLE 37-2011

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur**

**Málefni: Frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins, 229 mál.**

Með tölvupósti dags. 11. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P 140/459  
Þkomudagur 28.11.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	25. nóvember 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins (hæfnisskilyrði stjórnarmanna og forstjóra), 229. mál.

Til svars erindinu skal tekið fram að Ríkisendurskoðun hefur ekki athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/433**  
**komudagur 25.11.2011**

24. nóvember 2011  
SI-80085

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins (hæfnisskilyrði stjórnarmanna og forstjóra), 140. löggjafarþing, 229. mál.

Með tölvupósti dags. 11. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér miða m.a. að því að ákvæðið, sem mælir fyrir um hæfnisskilyrði forstjóra og stjórnarmanna stofnunarinnar, verði gert ítarlegra. Í því felst að stjórnarmenn og forstjóri skulu hafa menntun á háskólastigi, og búa yfir viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði auk þekkingar og reynslu af starfsemi fjármálafyrirtækja. Þá eru lagðar til ýmsar aðrar breytingar á 6. gr. laganna um Bankasýslu ríkisins, en í greinargerðinni segir að þær breytingar sem felast í frumvarpinu byggist m.a. á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um fjármálafyrirtæki.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/430*  
*komudagur 24.11.2011*

Reykjavík, 24.nóvember 2011

**Umsögn um**  
**Frumvarp til laga**  
**um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009.**

**Almennt:**

Einn megintilgangurinn með setningu laga um Bankasýslu ríkisins er eins og fram kemur í 1.laganna að endurreisa og byggja upp að nýju öflugan innlandan fjármálamarkað og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings.

Til að þessu markmiði verði náð, þá er, eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu, m.a. talið mikilvægt að ríkið komi fram sem trúverðugur eigandi fjármálafyrirtækja og að hlutverk þess verði hafið yfir vafa um pólitísk afskipti af daglegum ákvörðunum fyrirtækjanna. Ríkið þarf að vera upplýstur og stefnumarkandi eigandi þessara fyrirtækja og rækja eigendahlutverk sitt af kostgæfni eins og segir í greinargerð með frumvarpinu frá 2009.

Trúverðug vinnubrögð og traust á þeim stjórnstækjum hins opinbera sem hér er gripið til er forsenda þess að verkefnið skili stjórnvöldum trúverðugri og traustri afurð, þ.e. virkri og eðlilegri samkeppni á öflugum fjármálamarkaði þar sem traust ríkir. Stofnun sem ekki nýtur trausts getur ekki skapað traust. Þess vegna er traust og trúverðugleiki leiðarstefnið í allri starfsemi stofnunarinnar bæði að því er varðar verkefni hennar og daglegar ákvarðanir og einnig, og ekki hvað síst, hvað varðar alla umgerð, starfshætti og orðspor stofnunarinnar og starfsmanna hennar.

Hér er Bankasýslu ríkisins umfram margar aðrar stofnanir hins opinbera alveg sérstakur vandi á höndum. Stofnunin er opinber stofnun sem sett er á laggirnar til þess að endurreisa traust á innlendum fjármálamörkuðum en sem jafnframt hefur það verkefni með höndum að hámarka endurheimtur á þeim milljörðum af skattpeningum almennings sem farið hafa og fara munu til þess að endurfjármagna banka og fjármálastofnanir landsins. Til að leysa þetta verkefni vel af hendi á Bankasýslan, sem opinber stofnun, að fá til sín sérfræðinga sem að mestu hafa öðlast reynslu sína og færni af því að starfa á þessum fjármálamarkaði sem þeir eiga nú að endurreisa. Þessi markaður var bæði lítill, sérhæfing starfsfólk var þar mikil, þekkingarsviðið fremur þröngt og miðaðist fyrst og fremst við fyrirtæki á markaði.

Þó svo að þar sé að finna vel menntað fólk með mikla og góða reynslu á sviði banka- og fjármálastarfsemi þá er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að störf fyrir hið opinbera og störf á markaði fela í sér gjörólík markmið, viðhorf og viðmið. Það er sitt hvað að vinna að markmiðum um almannahag eða að markmiðum um hagnað og gróða fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Það er ekki sjálfgefið að sérfræðingar sem valið hafa sér starfsvettvang og menntað sig fyrir störf á almennum

markaði hafi jafnframt alið mér þá sýn sem nauðsynleg er til að hafa skilning á því hvað felst í því að starfa að almannaheill og taka ákvarðanir sem miðast við hagsmuni almennings. Aftur á móti hefur það sýnt sig að innan fjármálakerfisins hafi ríkt afar þröng sýn við mat á áhættu og skilningur á samfélagslegum áhrifum ákvarðana verið þar ábótavant. Enda er það svo að fyrirtæki á fjármálamarkaði líta fyrst og fremst til markmiða um hagnað og ábata og þá oft til skemmri tíma en ekki til samfélagslegra sjónarmiða um velferð og öryggi almennings í bráð og lengd.

Trúverðugleika Bankasýslunnar stafar ekki aðeins hætta af pólitískum afskiptum heldur einnig af því að nú þarf ríkið að sækja sér til aðstoðar mjög sérhæfða þekkingu inn í það kerfi samfélagsins sem brást í aðdraganda bankahrunsins. Til að bregðast við þessu þarf að skapa betri skilyrði fyrir trausta og trúverðuga stjórnarsýslu stofnunarinnar. Til að hanna öflugt stjórnþæki er best gæti þjónað svo yfirgripsmiklum markmiðum stjórnvalda færi vel á því að endurskoða samsetningu og skipan þeirrar þekkingar sem þarna er sett saman.

Stofnunin er lítil og fámenn og sama á við um stjórnina. Sömu kröfur eru gerðar til þeirra sem ráðnir eru til starfa innan stofnunarinnar og þeirra sem skipa stjórn. Betur gæti farið á því að gera miklar kröfur til starfsmanna um sérhæfingu á sviði banka- og fjármálastarfsemi ásamt reynslu af stjórnun á þeim vettvangi, en gera kröfu til meiri blöndunar á þekkingu þeirra sem skipa stjórn. Þá eykur það styrk stjórnarinnar sem eftirlitsaðila með starfsemi Bankasýslunnar að fjölga í stjórninni, t.d. hafa fimm stjórnarmenn í stað þriggja til þess að geta skapað meiri breidd, auka „representation“ og leitast um leið við að tryggja betur samfélagslega ábyrgð stofnunarinnar.

Bankasýsla ríkisins hefur það sérstaka og sögulega hlutverk að leysa úr þeim vanda á fjármálamörkuðum sem varð til í kjölfar þess að hér varð bankahrun haustið 2008. Bankahrunið leiddi m.a. til þess að traust landsmanna á ýmsum lykilstofnunum samfélagsins er nú lítið. Við þessar aðstæður þurfa ákvarðanir um ráðningu og skipan í störf og stjórn Bankasýslu ríkisins að standast meira en þau tæknilegu atriði sem ráðningar í opinber störf undir venjulegum kringumstæðum gera ráð fyrir. Hér þurfa slíkar ákvarðanir að standast það próf sem felur í sér spurningar um það hvers konar ráðningar eða skipanir eru við hæfi eða viðeigandi undir þessum kringumstæðum.

Starfsemi stofnunarinnar er tímabundin og því þarf að hafa lokun starfseminnar og framtíðarstörf starfsmanna hennar í huga strax í upphafi. Gæta þarf þess að þekking starfsmanna og stjórnarmanna stofnunarinnar sé ekki svo þröng að hún geti ekki nýst á öðrum vettvangi og því verði störf innan fjármálafyrirtækja nánast eini kosturinn eftir að starfsemi Bankasýslunnar lýkur. Ef þetta er haft í huga strax í upphafi eru meiri líkur á því að ríkið fái hér til liðs við sig sérfræðinga sem eru tilbúnir til að helga sig verkefninu af mikilli einurð, áhuga og festu þrátt fyrir að vera aðeins tímabundið verkefni.

### **Athugasemdir og tillögur að breytingum:**

1.gr.

Til samræmis við almenna umfjöllun hér að ofna gæti **1.mgr. 1.gr.** hljóða eitthvað í þess áttina:

„Stjórnarmenn og forstjóri skulu hafa lokið prófi með menntun á háskólastigi. Forstjóri skal búa fyrir viðtækri en staðgóðri þekkingu og starfsreynslu á sviði fjármálamarkaða. Forstjóri skal hafa trausta

þekkingu og reynslu af starfsemi fjármálafyrirtækja sem og þekkingu á góðum stjórnarháttum fyrirtækja. Við skipan í stjórn skal þess gætt að innan stjórnarinnar séu stjórnarmenn með sérþekkingu á mismunandi sviðum félagsvísindanna og reynslu af störfum bæði á vettvangi hins opinbera og einnig á almennum markaði.“

**Önnur setning í 2.mgr.** mætti hljóða svo: „Þeir mega ekki á síðustu **tíu árum** hafa....“ Hér er tíminn lengdur úr fimm árum í tíu ár. Þetta er lagt til í ljósi þess sem á undan er gengið og alþjóð er nú ljóst af lestir Rannsóknarskýrslu Alþingis um orsakir og aðdraganda bankahrunsins árið 2008.

**Síðasta setning 4.mgr.** mætti hljóða svo: „Þá skulu þeir ekki sinna öðrum störfum á fjármálamarkaði í **fimm ár** eftir að þeir láta af störfum fyrir Bankasýsluna.“ Þrjú ár eru fljót að líða. Gera verður ráð fyrir, ef vel tekst til við að reisa hér traustan og öflugan innlendan fjármálamarkað, að þar verði langtíma sýn ríkjandi fremur en skammtímasjónarmið. Upplýsingaröflun, þekking og áætlanagerð á vettvangi fjármálafyrirtækjanna verði því við það miðuð.

Virðingarfyllst,

---

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir  
Lektor í opinberri stjórnsýslu  
Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/446**  
**komudagur 25.11.2011**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssona  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 25. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009 (229.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um hæfisskilyrði laga um Bankasýslu ríkisins.*

Viðskiptaráð Íslands tekur undir með þeim markmiðum sem felast í ofangreindu frumvarpi, að hert verði ákvæði í lögum um Bankasýslu ríkisins sem kveða á um hæfisskilyrði stjórnarmanna og forstjóra. Undanfarin misseri hafa verið gerðar breytingar á þeim hæfisskilyrðum stjórnarmanna er koma fram í nokkrum lagabálkum, m.a. í [lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002](#) og [lögum um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010](#). Ráðið ítrekar þá afstöðu sína er kom fram í umsögnum ráðsins vegna breytinga á fyrrgreindum lögum, að mikilvægt er að samræmis sé gætt í hæfisskilyrðum stjórnarmanna eins og því verður við komið.

Í greinargerð með ofangreindu frumvarpi kemur fram að miðað hafi verið við þær breytingar sem gerðar voru á hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki við gerð frumvarpsins. Þrátt fyrir það verður að gera nokkrar athugasemdir þar sem út af hefur verið brugðið.

**1. mgr.**

Athugasemd verður að gera við að ekki er heimiluð undanþágu frá menntunarkröfu þegar kemur að hæfisskilyrðum. Sambærilegt ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki kveður á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágu frá kröfu um háskólapróf á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Eðlilegt væri að slík heimild væri til staðar hér líka. Ekki er ástæða að útiloka með þessum hætti aðkomu reynslumikilla stjórnarmanna sem geta lagt mikilvægar þekkingu og reynslu að mörkum á þeim forsendum einum að ekki sé til staðar háskólapróf. Ástæða er því til að kveða á um sambærilega undanþágu í lögum um Bankasýslu ríkisins.

*Viðskiptaráð leggur til að eftirfarandi undanþágu verði bætt við 1. mgr. 6. gr. laganna og 1. gr. frumvarpsins: Ráðherra getur veitt undanþágu frá menntunarkröfu skv. 1. másl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi.*

**3. mgr.**

Þegar reglum laga um fjármálafyrirtæki um hæfisskilyrði var breytt með [lögum nr.75/2010](#) var sambærilegt ákvæði sett í lögina og kemur fram í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Því var hins vegar breytt með [lögum nr. 119/2011](#) í ljósi þess hversu víðtækt bann ákvæðisins var, sérstaklega þegar kom að lögmonnum. Eðlilegra væri því að breyta ákvæði ofangreinds frumvarps í samræmi við hvernig fyrrgreindu ákvæði var breytt, ekki ástæða til að miða við ákvæði sem var síðar breytt vegna óframkvæmanleika.

*Viðskiptaráð leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 3. mgr.: Stjórnarmenn og forstjóri skulu ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar aðila sem eru eftirlitsskyldir skv. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn og forstjóri mega ekki sinna löamannsstörfum fyrir eftirlitsskyldan aðila.*

**5. mgr.**

Í 5. mgr. 1. gr. ofangreinds frumvarps kemur fram takmörkun er varðar háttsemi stjórnarmanna og forstjóra. Fyrri málsliður ákvæðisins er í samræmi við sambærilegt ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Hins vegar kemur fram í öðrum málslið: *við mat á hæfni þeirra skal horft til orðspors þeirra úr atvinnulífinu og/eða stjórnsýslu.* Að mati undirritaðrar felst ákveðinn ómöguleiki í þessu, ekki verður metið með hlutlausum hætti hvernig orðspor er né heldur hægt að lesa úr þessu hvernig viðmiðun skuli háttáð þegar slíkt er gert. Um alltof matskennda reglu er að ræða sem fer út fyrir öll sanngirnissjónarmið og tryggir ekki gagnsæi í vinnubrögðum.

*Viðskiptaráð leggur til að 2. másl. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði felldur brott.*

***Viðskiptaráð Íslands leggur til að ofangreint frumvarp nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.***

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands